

til að greiða stefnanda kr. 2.984,56 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1951 til greiðsludags, svo sem krafizt er.

Málskostnaður ákveðst kr. 500,00.

#### Dómsorð:

Stefnda, Skjöldur h/f, Siglufirði, greiði stefnanda, Sumarliða Hallgrímssyni, Siglufirði, kr. 2.984,56 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1951 til greiðsludags og málskostnað kr. 500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1954.

Nr. 6/1954. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

**Vigfúsi Waagfjörð** (Egill Sigurgeirsson).

#### Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Lárusson.**

Bifreiðalagabrot.

#### Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Það athugast, að það brot ákærða að hafa ekki skrásetningarmerki á bifreið sinni varðar við 3. gr. reglugerðar nr. 72/1937, sbr. reglugerð nr. 112/1949.

Með því að framburði vitna um það, hvort áfengisáhrif hafi sézt á ákærða aðfaranótt 1. febrúar 1953, ber ekki saman, og að auk þess hafa engin þessara vitna verið látin staðfesta vætti sitt fyrir dómi, þá eru ekki leiddar sönnur að því, að ákærði hafi í umrætt skipti gerzt sekur um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Þar sem ákærði vildi una héraðsdóminum og hann er sýkn

dæmdur af því ákæruatriði, sem var tilefni áfrýjunar málsins af hendi ákærvaldsins, ber að leggja allan áfrýjunarkostnað málsins á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gústafs A. Sveinssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. september 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. september sl., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, út gefnu 8. júlí sl., gegn ákærða, Vigfúsi Waagfjörð vélstjóra, Kirkjuvegi 14 í Vestmannaeyjum, til refsingar, sviptingar ökuleyfis samkv. 21. gr., 1. mgr., áfengis laga og 39. gr. bifreiðalaga og greiðslu sakarkostnaðar fyrir meint brot á 21. gr., 1. mgr., laga nr. 33/1935, 7. gr., 2. mgr., 14. gr., 3. mgr., og 23. gr., 1. mgr., laga nr. 23/1941, 3. gr., 4. gr., 2. og 3. mgr., umferðarlaga, nr. 24/1941, og 3. gr., 1. mgr., og 6. gr., 1. tölulið, reglugerðar nr. 72/1937.

Ákærði, Vigfús Waagfjörð, er á sakhæfisaldri, f. í Vestmannaeyjum 17. febrúar 1930, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

Í Vestmannaeyjum:

- 1948 29/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum og áminning fyrir ólöglega meðferð skotvopna.
- 1949 29/8 Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 113. gr. hegnl. og brot á l. nr. 23/1941.
- 1950 10/2 Dómur, 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 244. gr. hegnl. og áfengislögum.

Málsatvik eru þessi:

Á dansleik í Alþýðuhúsinu hér aðfaranótt 1. febrúar sl. veittu lögregluþjónarnir Jóhannes Albertsson, Óskar Pétur Einarsson, Sigurgeir Kristjánsson og Ragnar Axel Helgason ákærða í málinu at-

hygli, og töldu þeir hann áberandi undir áhrifum áfengis. Skömmu áður en dansleiknum lauk eða rétt fyrir kl. 2 um nóttina, urðu lögreglumennirnir þess varir, að bifreið ákærða, R. 2434, var í akstri. Stöðvuðu þá tveir hinir síðastnefndu bifreiðina við verzlunina Geysi, en henni hafði áður þá verið ekið um Skólaveg, Vestmanna- braut, Kirkjuveg, Hvítungaveg og Skólaveg. Í bifreiðinni var ákærði, er stjórnaði henni í ökuferð þessari, og vitnið Hávarður Ásbjörnsson sem farþegi hans. Afturljós bifreiðarinnar var í ólagi, og ein- kenni vantaði að aftan.

Lögreglumennirnir, sem töldu ákærða undir áhrifum áfengis, bentu ákærða á, að hann mætti ekki aka bifreiðinni af greindri ástæðu, en ákærði mótmælti því, að hann væri undir áhrifum áfengis, en fékk þeim engu að síður lykla bifreiðarinnar, er þeir kröfðust þeirra. Lögreglumennirnir óku síðan bifreiðinni heim til ákærða, og var vitnið Hávarður Ásbjörnsson með þeim. Á þeirri leið stöðvaðist bifreiðin, og þurftu þá vitnið Hávarður og lögreglumaðurinn Ragnar Axel að fara úr henni og ýta á eftir, svo að hún kæmist ferða sinna, en það mun hafa verið vegna illrar færðar og þess, að lögreglumaðurinn Sigurgeir var ekki vanur bifreiðinni.

Lögreglumennirnir létu hins vegar ekki taka blóðsýnishorn af ákærða né gerðu aðrar ráðstafanir til að tryggja sönnun þess grunar, að ákærði væri undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, og er það ámælisvert.

Ákærði hefur við rannsókn málsins viðurkennt að hafa í umrætt sinn ekið bifreiðinni með afturljós í ólagi og án einkennis að aftan, en hins vegar eindregið mótmælt því að hafa verið með áfengis- áhrifum.

Verða nú rakin helztu atriði í framburði vitna og ákærða varðandi þann þátt ákærunnar, er varðar áfengisáhrif ákærða í umrætt sinn.

Vitnin Sigríður Þorbergsdóttir, Arnarhóli, og Una Ásgeirsdóttir, Heiðavegi 41, skýra frá því, að ákærði hafi fyrr umrætt kvöld komið í bifreiðinni heim til þeirrar síðarnefndu til þess að fara með þeim á nefndan dansleik. Höfðu vitnin neytt lítils háttar áfengis, áður en ákærði kom. Fylgdust vitnin nú með ákærða í bifreið hans, en við Samkomuhúsið var numið staðar, og sótti ákærði vitnið Gunnar Sveinbjörn Jónsson, er síðan fór með þeim í Alþýðuhúsið. Vitni þessi segja, að ekki hafi þau séð nein áfengisáhrif á ákærða, sem þau voru oftast með, frá því að hann sótti þau um kvöldið, þar til hann fór í ökuferð þá, er að framan greinir. Enn fremur staðhæfa þau, að ákærði hafi ekki neytt áfengis þann tíma né haft það meðferðis, en ákærði hafi ekki verið með þeim, er þau neyttu þess áfengis, er hreif þau. Vitnið Una kveðst hafa dansað við ákærða, en þó ekki getað merkt nein áfengisáhrif á honum; enn fremur hafi hann ekki á það minnst að hafa neytt áfengis fyrr um kvöldið.

Vitnið Gunnar Sveinbjörn Jónsson kveðst ekki vita, hvort ákærði

var undir áhrifum áfengis, en sér hafi virzt hann ekki vera það, en ekkert þeirra fjögurra hafði meðferðis dropa áfengis. Sjálft kveðst vitnið hafa neytt nokkurs áfengis, áður en það slóst í för með ákærða og stúlkunum.

Vitnið Jóhannes J. Albertsson lögregluþjónn, sem annaðist dyragæzlu í Alþýðuhúsinu umrætt kvöld og nótt, skýrir frá því, að um miðnætti hafi ákærður komið í húsið ásamt þremur síðastnefndum vitnum, og hafi allt þetta fólk verið áberandi ölvað og þó ekki hag-að sér hneykslanlega. Segist vitnið hafa talað við ákærða, er hann kom, og hafi þá bæði málfar, útlit og framkoma bent til áfengis-áhrifa ákærða, og taldi vitnið, sem er vel kunnugt ákærða og veit, hvernig hann er við vín, ekki leika vafa á því, að hann væri þá undir áhrifum áfengis. Þá kveðst vitnið hafa ásamt vitninu Ragnari Axel horft á eftir ákærða, hvar hann gekk vestur á Skólavegin, og hafi þeir þá brosað að baksvipnum á ákærða, því að hann hafi reikað í spori, er hann gekk vestur eftir, svo að ekki varð um villzt, að hann væri ölvaður. Þetta síðastnefnda atriði hefur vitnið Ragnar Axel Helgason einnig staðfest.

Vitnið Óskar Pétur Einarsson lögregluþjónn, sem annaðist dyravörzlu, meðan vitnið Jóhannes vék sér frá, kveðst hafa séð ákærða og að hann mundi vera undir áhrifum áfengis. Markaði vitnið það á hörundslit í andliti ákærða og á augum hans. Hins vegar segir vitnið, að það hafi ekki séð það á látbragði hans eða á göngulagi né heldur fundið af honum áfengislykt, en þó hafi sér ekki blandast hugur um, að ákærði væri með áfengisáhrifum.

Vitnin Sigurgeir Kristjánsson og Ragnar Axel Helgason, lögregluþjónar, sem tóku bifreiðina af ákærða í umrætt sinn, segja hann hafa verið með greinilegum áfengisáhrifum, er þeir tóku af honum bifreiðina, og á dansleiknum hafi hann verið óstöðugur í göngulagi og þannig til augnanna, að það væri merki um áfengisáhrif. Vitni þessi fundu ekki vinlykt af ákærða, en vitnið Sigurgeir kveðst hafa verið kvefað. Vitnið Ragnar, sem kveðst vera lyktnæmt og virðist hafa komið allnærri ákærða, kveðst þó ekki hafa komið svo nærri, að það hafi fundið af honum áfengislykt. Vitni þessi staðhæfa, að er ákærði vék úr bifreiðinni, hafi hann viðurkennt að hafa bragðað áfengi fyrr um kvöldið, en sagt, að það kæmi ekki að sök þá. Ákærði hefur mótmælt því, að hann hafi viðurkennt þetta, enda segir hann það ekki rétt, og vitnið Hávarður Ásbjörnsson, sem var í bifreiðinni, kveðst ekki hafa heyrt slíka yfirlýsingu frá ákærða. Þá telja vitni þessi, að vitnið Hávarður hafi, eftir að lögreglumennirnir tóku við stjórn bifreiðarinnar, ekki verið í neinum vafa um, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er vitnið Hávarður fór með ákærða fyrrnefnda ökuferð, og hafi vitnið þá hvatt ákærða til þess að skilja bifreiðina eftir heima. Vitnið Hávarður Ásbjörnsson mótmælir því hins vegar, að hann hafi nokkuð gefið lögreglumönnum það í skyn, að hann álti ákærða undir áfengisáhrifum, og kveðst enda

ekkert hafa um það vitað; hins vegar hafi það hvatt ákærða til þess að skilja bifreiðina eftir vegna illrar færðar, enda hafi það komið á daginn, að vitnið og lögregluþjónninn Ragnar hafi orðið að fara út og ýta bifreiðinni, er hún komst ekki áfram vegna færðarinnar. Ákærði hefur eindregið mótmælt því að hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn eða hafa lýst yfir því, að hann hefði neytt áfengis fyrr um kvöldið, er hann afhenti lögreglumönnum bifreið sína.

Þó að ákærði hefði, eins og vitnin Ragnar Axel og Sigurgeir Kristjánsson segja hann hafi viðurkennt, neytt áfengis umrætt kvöld, verður eftir þeim gögnum, er fyrir liggja í málinu, ekki talið nægjanlega sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur í umrætt sinn, er lögreglan tók af honum bifreiðina, til þess að honum verði gerð refsing þar fyrir. Ber því að sýkna hann af ákæru um það atriði fyrir brot á áfengislögum, nr. 33/1935, 21. gr., 1. málsgrein, samanber 39. gr., bifreiðalögum, nr. 23/1941, 23. gr., 1. málsgrein, og umferðarlögum, nr. 24/1941, 4. gr., 2. málsgrein.

Hins vegar þykir fullsannað með eigin játningu ákærða og fram-burði vitna, að ákærði hafi laust fyrir kl. 2 að nóttu hinn 1. febrúar sl. ekið í nefndri bifreið sinni, R. 2434, með afturljós í ólagi og án einkenna að aftan. Þykir það brot hans varða við 7. gr., 2. málsgrein, og 14. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 3. málsgrein 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, og 3. gr., 1. málsgrein, og 6. gr., 1. tölulið, rgl. nr. 72/1927.

Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 250,00 í sekt til ríkissjóðs Íslands, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lög-birtingu dóms þessa.

Með tilliti til þess, að ákærði játaði þegar í upphafi rannsóknarinnar það brot, er honum er nú dæmd refsing fyrir, þykir með hliðsjón af 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27 5. marz 1951 rétt, að málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Eiríkssonar hdl., sem hæfilega eru ákveðin kr. 350,00, og auk þess annar sakarkostnaður að hálfu greiðist af opinberu fé, en annar sakarkostnaður af ákærða.

#### Dómsorð:

Ákærði, Vigfús Waagfjörð, greiði kr. 250,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dómsins.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 350,00, greiðist af opinberu fé og annar sakarkostnaður að hálfu.

Ákærði greiði annan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.